

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 15/98
frá 6. mars 1998**

um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.
34/96 frá 31. maí 1996⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er
varðar fjarsölusamninga⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDID EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 3. lið (tilskipun ráðsins 85/577/EBE) í XIX. viðauka við
samninginn:

„3a. **397 L 0007:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um
neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga (Stjtið. EB nr. L 144, 4. 6. 1997,
bls. 19).“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB á íslensku og norsku fylgir sem
viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 237, 19. 9. 1996, bls. 41 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 41, 19. 9. 1996, bls. 79.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 144, 4. 6. 1997, bls. 19.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner